



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dagsetning 10. október 2024
Málsnúmer MRN24070130

Viðbrögð við skýrslu umboðsmanns Alþingis „Konur í fangelsi“ á grundvelli OPCAT eftirlits

Vísað er til erindis umboðsmanns Alþingis, dags. 3. júlí 2023, þar sem óskað er eftir viðbrögðum mennta- og barnamálaráðuneytis við skýrslunni „Konur í fangelsi“, á grundvelli OPCAT eftirlits. Rétt er að fram komi að vegna óútskýrðra vandkvæða virðist erindið ekki hafa borist ráðuneytinu fyrr en 10. júlí 2024.

Í skýrslunni er sjónum beint sérstaklega að aðbúnaði og aðstæðum kvenna í fangelsum landsins og er þeim tillitum beint til ráðuneytisins að bæta úr menntamálum kvenfanga, einkum á Hólmsheiði.

Í minnisblaði sem kynnt var í ríkisstjórn þann 8. október 2024 eru tillögur sem lúta m.a. að því að bæta úr aðstæðum kvenfanga.

Tillögurnar eru m.a. að stofnuð verði sérstök þverfagleg eining viðeigandi aðila undir stjórn mennta- og barnamálaráðuneytis um að móta verkferla og aðgerðir til að ná markmiðum um að auka menntun og fræðslu fyrir kven- og karlfanga, með áherslu á einstaklingsmiðaða ráðgjöf og uppbyggingu einstaklinga. Þannig verði öllum föngum tryggð ráðgjöf og greining í upphafi afplánunar, m.a. með tilliti til námsstöðu, styrkleika og áhugasviðs og í framhaldi verði gerð áætlun um náms- og fræðslutengda virkni, allt eftir stöðu einstaklingsins. Einingunni er ætlað að eiga í þéttu samstarfi við þá aðila sem í dag vinna að undirbúningi samfélagslegrar þátttöku, s.s. geðheilsuteymi fangelsa, Batahús, Fjölbrotaskóla Suðurlands (FSu) og fleiri aðila. Einingin mun taka mið af skammtíma- og langtíma tillögum stýrihóps sem stofnaður verður með hlutaðeigandi aðilum innan tíðar og gert er ráð fyrir að fyrstu aðgerðir komi til framkvæmda í janúar 2025.

Í FSu starfar nú náms- og starfsráðgjafi í fullu starfi við að sinna föngum á Hólmsheiði, Litla Hrauni og Sogni. Verkefnið gerir ráð fyrir að ráðinn verði annar náms- og starfsráðgjafi í fullt starf sem komi til m.a. til með að veita konum á Hólmsheiði og Sogni ráðgjöf, greiningu og leiðsögn um námstilboð í fjarnámi frá FSu en að auki kanna áhuga á annars konar námi og fræðslu sem hugur kvenfanganna stendur til. Markmiðið er því m.a. að auka framboð á atvinnutengdu námi eða fræðslu á Hólmsheiði og Sogni með undirbúningi fyrir þátttöku á atvinnumarkaði eftir að afplánun lýkur. Jafnframt er áætlað að með náms- og starfsráðgjafa muni starfa kennari með sérþekkingu á sértækum námsörðugleikum ásamt þekkingu og reynslu til að kenna íslensku fyrir fanga með annað móðurmál en íslensku. Með þessum viðbótarstöðugildum í ráðgjöf og kennslu er markmiðið að auka virkni og getu fanga, ekki síst kvenfanga, til að afla sér þekkingar sem getur nýst þeim að afplánun lokinni. Gert er ráð fyrir samstarfi við FSu sem hefur það sérverkefni á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis að sinna skólahaldi í fangelsum og í fjarnámi og nýta þannig mannauð og þekkingu sem þar hefur skapast í gegnum árin til að víkka út þjónustuna svo hún geti náð til allra fangelsa, kven- og karlföngum til góða.

Þá er gert ráð fyrir að koma upp aðstöðu á Hólmsheiði fyrir ofangreinda sérfræðinga ásamt því að bæta aðstöðu og aðbúnað þar og á Sogni til að bjóða upp á aukna fjölbreytni í fræðslu og námskeiðshaldi fyrir alla fanga.

Þá er rétt taka fram að ráðuneytið hefur veitt félagasamtökunum Bata góðgerðarfélag styrk til að byggja upp sérhæfða fræðslu fyrir konur í fangelsum. Um er að ræða valdeflandi fræðslu með fjölbreyttri verkefnavinnu, s.s. vegna áfalla, forræðismissis yfir börnum, flókinna tilfinninga o.fl. og miðað er að uppbyggingu í samskiptum, félagsfærni, sjálfsmynd og sjálfsumhyggju svo eitthvað sé nefnt. Um tilraunaverkefni er að ræða sem vonast er til að geti nýst til framtíðar til að koma enn betur til móts við einstaklingsþarfir kvenna í fangelsum.

F.h. ráðherra
Anna Tryggvadóttir



F.h. ráðherra
Ragnheiður Bóasdóttir

